

Nr. 18/1892:

B. Muus & Co.  
gegn  
J. E. Jensen.

## D ó m u r:

Eptir að skiptum hafði verið lokið í dánarbúi kaupmanns Jóns O. V. Jónssonar hinn 7. desbrmán. f. á. af skiptarjetti Reykjavíkur kaupstaðar, áfrýjaði hinn stefndi, bakari J. E. Jensen, sem hlutaðeigandi í búinu, tjeðum skiptum til yfirrjettarins með stefnufresti þangað til í desembermán. 1893. Með því að áfrýjandanum, B. Muus & Co, sem var aðalskuldheimtumaður í búinu, þótti með þessu móti gjörð tilraun til þess að draga skiptalokin óhæfilega, áfrýjaði hann með stefnu, dags. 10. júní þ. á., til staðfestingar skiptum þessum í heild sinni og sjerstaklega 2 úrskurðum skiptarjettarins um kröfur stefnda, uppkveðnum 23. maímán. f. á., en nefndir úrskurðir hljóða svo:

»Mótmæli J. E. Jensens gegn veðskuldabryjfi B. Muus & Co, dags. 10. apríl 1886, verða eigi tekin til greina, og skal hin framlagða skuldaskrá að því leyti vera óbreytt,« og:

»Skuldaliður V. 9 á hinni framlögðu skuldaskrá falli burtu.«

Jafnframt hefur áfrýjandinn krafizt þess, að hinn stefndi verði dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins.

Hinn stefndi hefur af sinni hálfu krafizt þess, að málinu verði vísað frá rjettinum og honum tildæmdur nægilegur málskostnaður eða kostur og tæring, eða að öðrum kosti, að honum verði veittur frestur í því þangað til í desembermán. 1893, þegar áðurnefnd áfrýjunar-

stefna hans fellur í rjett, eða þó að minnsta kosti svolangur frestur, að hann geti gagnáfrýjað sökinni. — Þar sem stefndi byggir frávisunarkröfu sína á því, að landritari Hannes Hafstein, sem hefur áfrýjað málinu fyrir hönd B. Muus & Co, hafi eigi haft lögfullt umboð til þessa, enda eigi verið löggiltur til að mæta í yfirrjettinum í málinu, þá á hvorugt þetta við rök að styðjast, því að það er upplýst, að Hannes Hafstein var skipaður til þess að gegna málsfærslustörfum við yfirdóminn, þegar málið var fyrir tekið þar (27. júní), síðar hefur hann fengið sjerstaka löggildingu til þess að mæta í máli þessu, og loksins hefur hann sýnt fullkomið umboð frá B. Muus & Co til þess að áfrýja málinu. — Það er eigi heldur lögmæt frávisunarástæða af hálfu stefnda, að hann hefur áfrýjað skiptunum í heild sinni til breytingar, því að áfrýjanda eða hverjum öðrum hlutadeiganda í búinu var allt að einu heimilt að áfrýja þeim til staðfestingar af sinni hálfu. Og þótt einn af úrskurðum skiptaráðanda í búinu, sem eigi snertir báða þessa málsparta, sje undir áfrýjun til hæstarjettar, getur það eigi orðið því til fyrirstöðu, að staðfestingardómur gangi í málinu, eins og það nú liggur fyrir rjettinum.

En þar sem áfrýjandi eigi hefur stefnt neinum af hlutadeigendum í búinu öðrum en bakara J. E. Jensen, og skiptadómaranum er að eins stefnt til að verja úrskurði sína og meðferð á búinu, verða skiptin eigi staðfest í heild sinni. Í þessu tilliti koma að eins til álita þeir 2 úrskurðir skiptarjettarins, uppkveðnir 23. maí f. á., um kröfur hins stefnda, sem sjerstaklega hefur verið áfrýjað, og verður að staðfesta úrskurði þessa eptir kröfu áfrýjanda, með því að þeim hefur eigi verið gagnáfrýj-

að, en að veita hinum stefnda, gegn mótmælum áfrýjandans, frest til að gagnáfrýja sökinni, eptir að hann áður hefur haft frest í henni frá 27. júní til 1. ágústm., þykir eigi rjett. — Eptir atvikum virðist málskostnaður eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinir áfrýjuðu úrskurðir skiptarjettar Reykjavíkur, uppkveðnir 23. maí 1891, skulu vera óraskaðir. Málskostnaður falli niður.

Nr. 10/1892:

Ólafur Davíðsson

gegn

sýslumanni Sigurði Þórðarsyni  
sem skiptaráðanda í dánarbúi

Jóns Þórðarsonar.

D ó m u r:

Mál þetta var höfðað í hjeraði af áfrýjandanum og þáverandi meðeiganda hans að jörðinni Sleggjulæk í Stafholtstungum (en nú er hann einn eigandi jarðar þessarar) gegn Jóni Þórðarsyni, eiganda Norðtungu í Þverárhlið, sem nú er dáinn, og skiptaráðanda því stefnt fyrir hönd dánarbús hans. Var málið höfðað út af ágreiningi um landamerki milli greindra jarða, og var það dæmt í landamerkjadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 17. septembermán. f. á. þannig, að landamerki milli jarðanna skyldu vera þessi: »Örnólfsdalsá ræður frá Sleggjulækjarósi upp að Fornafarvegsmynni, þá Fornafarvegur upp að móanefi því, er skagar út að honum að sunnan, og úr móanefinu stytztu leið niður